


*Tímarit
Breiðfirðinga-
félagsins*

BREIÐFIRÐINGUR

6. hefti — 1947—48



Breiðfirðingaljóð.

(Jón frá Ljárskógum)

Moderato

Jónas Tómasson

1. Þeg - ar sum - ar - sól - in heið sign - ir gróð - ur
2. Hljóm - a mitt í hvers - dags - önn hreimar svan - a -

jarð - ar, flýg - ur hug - ur heim á
lags - ins, aldr - ei má - ir tím - ans

leið, heim til Breið a - fjarð - ar. Bernsku þinn - ar ár - um
tönn töfr - a æsk - u - dags - ins Þeg - ar sum - ar - sól - in

er ekk - i létt að gleym - a, manst - u
heið sign - ir gróð - ur jarð - ar, flýg - ur



ekk - i eft - ir þér eitthvert vor - ið heim - a?
hug - ur heim á leið, heim til Breið - a - fjard - ar.



Gunnar Sigurgeirsson, söngstjóri og frú hans.

Fáum mönnum, þeim sem ekki eru bornir og barnfæddir við Breiðafjörð, á Breiðfirðingafélagið jafn mikið og gott upp að unna, eins og Gunnari Sigurgeirssyni. Hann hefur æft og stjórnað Breiðfirðingakórnum, allt frá stofnun hans og fram á þennan dag. Auk þess hefur hann æft alla þá minni sönghópa, sem látið hafa til sín heyra á skemmtunum félagsins og sem starfað hafa eingöngu innan þess. Hefur Gunnar því þannig marga ánægjustundina veitt Breiðfirðingum og má fullyrða, að starf hans í þágu félagsins verður seint metið svo sem vert er. Breiðfirðingur vill hér með leyfa sér að tjá honum alúðarfyllstu þakkir fyrir allt hans góða starf og veit, að þar talar ritið fyrir munn allra félaga í Breiðfirðingafélaginu, enda hefur félagið reynt að sýna þakklæti sitt í hans garð með því að kjósa hann, með miklum fögnuði og hrifningu heiðursfélaga félagsins. — Ritstj.

(Ljós. Vignir).